



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu yfirstjórnar.

Heilbrigðisráðuneytið var formlega stofnað 1. janúar 1970 og hefur á hendi yfirstjórn, heildarstefnumótun og framkvæmd þeirra mála er undir það heyra. Fer ráðuneytið með mál er varða heilbrigðisþjónustu, þar á meðal lýðheilsu og forvarnir, þ.m.t. geislavarnir; heilsugæslu; sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir; heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum; endurhæfingar- og meðferðarstofnanir; lyf og lækningatæki; starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu.

Ráðuneytið fer einnig með sjúkra- og slysatryggingar almannatrygginga og sjúklingatryggingu. Þá hefur ráðuneytið eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir það heyra.

Skrifstofa yfirstjórnar annast samþættingu á starfsemi ráðuneytisins, auk sérstakra átaksverkefna svo sem viðvirkjandi breytingastjórnun. Skrifstofan sér um skipan stjórna, nefnda og ráða á vegum ráðuneytisins og fjallar einnig um rannsóknir og nýsköpun og önnur sóknarfæri í heilbrigðisþjónustu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu.
- Þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar.
- Hæfni í að leiða stefnumótun, samráð og undirbúning breytinga.
- Hæfni í verkefnisstjórnun og áætlanagerð.
- Forystu-, samskipta- og skipulagshæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að miðla hugmyndum í mæltu og rituðu máli á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 15. maí 2010. Um kjör skrifstofustjórans fer skv. ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Upplýsingar um starfið veita Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri (berglind.asgeirsdottir@hbr.stjr.is) og Sigurjón Ingi Haraldsson, skrifstofustjóri (sigurjon.ingi.haraldsson@hbr.stjr.is)

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eða á postur@hbr.stjr.is eigi síðar en 12. apríl 2010.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.